



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4 · 150 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Þekkingarnet Þingeyinga
Óli Halldórsson
Pósthólf 190
640 HÚSAVÍK

Reykjavík 19. september 2015

Tilv.: MMR15090031/9.40.1-

Með bréfi dagsettu hinn 19. september 2012 veitti mennta- og menningarmálaráðherra Þekkingarneti Þingeyinga viðurkenningu til þriggja ára samkvæmt ákvæðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 til þess að annast framhaldsfræðslu. Í viðurkenningunni felst staðfesting á því að starfsemi Þekkingarnetsins uppfyllir, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Ráðuneytið hefur tekið starfsemi Þekkingarnetsins til nýrrar skoðunar og yfirfarið ársskýrslu og ársreikning ársins 2014. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsfræðslu, reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011, samning mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Þekkingarnet Þingeyinga um ráðstöfun rekstrarframlaga í fjárlögum dags. 29. janúar 2014, og þjónustusamning Þekkingarnetsins við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ásamt yfirlýsingum og viðaukum dags. 7. febrúar 2012.

Á grundvelli framangreindra gagna veitir ráðuneytið hér með Þekkingarneti Þingeyinga, kt. 670803-3330, endurnýjaða viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin felur hvorki í sér vilýrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Hún veitir nemendum Þekkingarnetsins ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Lánasjóði Íslenskra námsmanna. Þekkingarnetið ber sjálft alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Uppfylli Þekkingarnetið ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrirsmáli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Ilugi Gunnarsson

Ásta Magnúsdóttir